

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
mánudagurinn 12. febrúar 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Olgeir Olgeirsson (OO), Ingólfur Elíasson (IE), Sigrún Agata (SA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS) og Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Fundargerð síðasta fundar var ekki tilbúin og baðst framkvæmdastjóri afsökunar á yfirsjóninni og lofaði bót og betrun. Verða fundargerðir bæði fyrir þennan fund og fundinn 21 janúar birtar fljótlega á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk getur lesið þær yfir. Því var engin fundargerð samþykkt í upphafi þessa fundar, heldur verða tvær fundargerðir til samþykktar á næsta fundi.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsstöðu sambandsins. En nýbúið er að úthluta viðbótar fjármagni til sérsambanda ÍSÍ í gegnum afrekssjóð. Um er að ræða úthlutun sem tengist viðbótar fjármagni sem ríkisstjórnin úthlutaði 637 milljónir til ÍSÍ til þess að styrkja afreksstarf í landinu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað síðan að úthluta 300 milljónum af þessu fé strax til sérsambanda ÍSÍ byggt á umfangi afreksstarfi sérsambands. Í hlut Íshökkísambandsins kom viðbótar fjármagn upp á 8,4 milljónir til viðbótar við þær 11,8 milljónir sem sambandið fékk úr afrekssjóð í desember 2024. Ljóst er að þetta léttir mjög á rekstri sambandsins varðandi kostnaðarþátttöku í kvenna og karlaferð. En rétt er hér að ýtreka að afrekssjóður ÍSÍ er að styrkja aðallega keppni í fullorðinsflokkum.

Dómaramál og tryggingar dómara. Nokkuð óvanalegt mál hefur verið í gangi varðandi meiðsli dómara frá upphafi tímabils. Þegar að dómari slasaðist í leik. Dómarinn hefur óskað eftir fjárhagsaðstoð vegna mikilla persónulegra útgjalda. Stjórnin þekkir málið frá fyrri fundum og var samþykkt að greiða dómaranum 50 þúsund króna styrk upp í sjúkrakostnað.

Framkvæmdastjóri kynnti boð um að taka þátt í U14 úrvalsmóti sem Breska íshökkísambandið stendur fyrir niður í Slóvakíu. Í boði er að fara með hóp sem landslið Íslands í þessum aldursflokki á mótið sem er dagana 20. til 22. Júní.

Dómaramál í aðdraganda úrslita, rætt var að setja fram 4 dómaraakerfi í þeim leikjum sem eru eftir af deildarkeppni karla. Nokkur ástæða er til í því ljósi að aldrei áður hefur keppnin um að komast inn í úrslitin verið svona jöfn og spennandi. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki rætt of fundi slitið.